

Viðbótarkafli við starfsreglur stjórnar:

11. Kjör stjórnar og nefndarmanna.

1. Laun formanns stjórnar Eyþings fyrir fundarsetu eru 4,4% af þingfararkaupi og laun stjórnarmanna 2,2% af þingfararkaupi. Greiddir eru aksturs- og dagpeningar í samræmi við starfsreglur RSK. Stjórnarmenn skulu sjálfir bera ábyrgð á að fylla út og skila inn akstursdagbók með upplýsingum um kílómetrafjölda.
2. Feli stjórn eða framkvæmdastjóri formanni eða öðrum nefndarmönnum verkefni eða fundarsetu skal greitt fyrir það í samræmi við reglur um kjör stjórnarmanna.
3. Laun nefndarmanna í starfshópum, fagraðum og úthlutunarnefndum fyrir fundarsetu skulu nema tveimur þriðju af launum stjórnarmanna Eyþings á hverjum tíma. Aksturs- og dagpeningar verði greiddir í samræmi við starfsreglur RSK og skulu formenn starfshópa bera ábyrgð á að skilað verði inn akstursdagbók með upplýsingum um kílómetrafjölda. Um starfshópa skal gilda skipunarbréf stjórnar.